

Fundargerð 29. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 13. júlí 2017 kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Siguður P. Sigmundsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulags og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdasjóður aldraðra.

Þrjár umsóknir verða sendar í Framkvæmdasjóð aldraðra. Sótt verður um fyrir hjúkrunarrýmum, dagdvölum og þjónustumiðstöð.

Formaður gerði grein fyrir hugmyndum sem fram hafa komið um að óska eftir allt að 33 rýmum á eldri Sólvangi. Þeim möguleika að gera ráð fyrir 11 rýmum á fjórðu hæð hússins verði haldið opnum.

Bæjarstjóri fór yfir bréf sem send verða til velferðarráðuneytisins og jafnframt bréf sem fer með umsókn sveitarfélagsins til Framkvæmdasjóðsins.

Verkefnastjórnin er samþykkt þeirri niðurstöðu að sækja um allt að 33 hjúkrunarrými á Sólvangi. Sótt verður um rýmin til velferðarráðuneytis og einnig sótt um í Framkvæmdasjóðinn til breytinga á húsnæðinu.

2. Erindi bæjarstjóra um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Bæjarstjóri fór yfir erindi um Framkvæmdasjóðinn, úthlutanir úr sjóðnum síðustu árin o.fl. Ljóst er að framlög sjóðsins til Hafnarfjarðar hafa verið langt undir þeim framlögum sem koma frá íbúum sveitarfélagsins. Sjá fylgiskjal.

Fundi slitið kl. 17:15.